

## GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Snæfellsbæ 2001.**

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 2. gr. samþykktar nr. 384/1995 um hundahald í Snæfellsbæ, skal vera kr. 9.450 á árinu 2001.

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 2. maí 2001 og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 31. maí 2001.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald ásamt ábyrgðartryggingu.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktarinnar er kr. 4.000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 5. mars 2001.*

**Kristinn Jónasson** bæjarstjóri.